

Vinnuleiðbeiningar um ung- og smábarnavernd fyrirbura

Börn fædd fyrir 32 vikna meðgöngu og/eða með fæðingarþyngd undir 1500 g

1. Rafræn fæðingartilkynning er send til heilsugæslu.
2. Mælt er með að hver heilsugæslustöð tilnefni einn hjúkrunarfræðing sem heldur utan um ung- og smábarnavernd barna sem fædd eru fyrir 32 vikna meðgöngu og/eða undir 1500 g. Þeir eru í nánu samstarfi við dagdeild/sondueftirlit Vökudeildar Barnaspítala Hringings varðandi litlu fyrirburana. Æskilegt að hafa einnig staðgengil hjúkrunarfræðings fyrirbura á hverri stöð.
3. Heimilislæknir viðkomandi barns, eða barnalæknir á stöð, annast læknisfræðilegar skoðanir í ung- og smábarnavernd. Lögð er áhersla á að sami hjúkrunarfræðingur og læknir fylgi fjölskyldu eftir í gegnum allar skoðanir, eftir því sem kostur er.
4. Hjúkrunarfræðingur hefur samband við starfsfólk Vökudeildar til að fá upplýsingar um barnið áður en haft er samband við foreldra. Í kringum útskrift er haft samband við sérfræðing í hjúkrun í fyrirburaeftirliti á Barnaspítala Hringings. Best er að hringja í síma 543-3770 (Vökudeild) og biðja um samband við sérfræðing í hjúkrun í fyrirburaeftirliti.
5. Hjúkrunarfræðingur fyrirbura hefur samband við foreldra nokkrum vikum fyrir áætlaða útskrift (ca. við 34 viku meðgöngulengdar) til að skipuleggja fyrstu heimavitjun í ung- og smábarnavernd. Miða skal fjölda heimavitjana eftir þörfum fjölskyldunnar hverju sinni.
6. Hjúkrunarfræðingur fer í heimavitjun til barnsins fljótlega eftir útskrift af Vökudeildinni í samráði við fjölskyldu og hjúkrunarfræðing á dagdeild/sondueftirliti Vökudeildar. Börn sem eiga í erfiðleikum með næringu, eru með sondu og/eða eru undir 2-3 kg, þurfa þetta eftirfylgd í samráði við dagdeild/sondueftirlit Vökudeildar. Hægt er að hafa samband við dagdeild/sondueftirlit Vökudeildar varðandi þessi börn í síma 543-3770 (Vökudeild).
7. Skimað er fyrir kvíða og þunglyndi allra mæðra með GAD-7 og EPDS í fyrstu heimavitjun. Hafa ber í huga að aldur barnanna er mjög mismunandi við útskrift og eru sum barnanna þá orðin allt að 4-5 mánaða. Margar mæður eru þegar komnar í tengsl við sálfræðing á Barnaspítalanum og eðlilegt að þau tengsl haldist ef mögulegt er.
8. Æskilegt er að teikna fjölskyldutrú og tengslakort í heimavitjun til að átta sig á stuðningsneti fjölskyldunnar. Rætt er um sögu þeirra og upplifun, aðstæður og áhyggjur. Leggja þarf áherslu á líðan foreldra og tengslamyndun við barnið og hvernig gengur með næringu og umönnun barnsins.

9. Hjúkrunarbréf og læknaþríf er send frá Vökudeild til heilsugæslunnar. Mikilvægt er að kynna sér sögu og hjúkrunarþarfir barnsins ásamt því að fara yfir þau lyf sem barnið er á og samræma við upplýsingar sem foreldrar hafa. Hafi bréfin ekki borist er hægt að hafa samband við Vökudeildina til að fá upplýsingar og/eða nálgast upplýsingar á Heilsugátt.
10. Fyrsta skoðun á heilsugæslustöð er þegar barnið hefur verið heima í um það bil 4 vikur. Mælt er með því að bóka tvöfaldan tíma, að minnsta kosti til að byrja með. Skoðanir eru samkvæmt leiðbeiningum um ung- og smábarnavernd. Aukaskoðanir eftir þörfum til að fylgjast með vexti og þroska.
11. Leiðréttta þarf aldur fyrirbura fram að tveggja ára aldri og reiknað er frá áætluðum fæðingardegi barns. Dæmi:

Áætlaður fæðingardagur	1. desember
Fæðingardagur	1. september
Lífaldur við skoðun	7. desember: 3 mán. og 1 vika
Leiðréttur aldur við skoðun	7. desember: 1 vika

12. Nota skal vaxtarkúrvur fyrir fyrirbura í Sögu, þar sem tekið er tillit til leiðréttis aldurs.
13. Bólusetningar eru samkvæmt leiðbeiningum sóttvarnarlæknis en þær fara eftir lífaldri barns. Ekki þarf að taka tillit til þyngdar barnsins en gefa þarf gaum að erfiðum veikindum.
14. Fyrirburar fæddir fyrir 32. viku meðgöngu (< 1500 g) eru í eftirliti hjá nýburalæknum á Barnaspítala Hringins að öllu jöfnu til 1-2 ára aldurs. Sérhæft fyrirburaeftirlit er með börnum fæddum undir 28 vikum og/eða <1000 g á Barnaspítala Hringins fram að sex ára aldri barns. Í sérhæfðu fyrirburaeftirliti starfa sérfræðingur í hjúkrun, nýburalæknar, næringarfræðingur, talmeinafræðingur, félagsráðgjafi, sjúkrapjálfari, taugasálfræðingur og iðjuþjálfari.
15. Hafa má samráð við sérhæft fyrirburaeftirlit Barnaspítala Hringins ef áhyggjur vakna af vexti eða þroska fyrirbura á fyrstu sex árunum.
16. Rétt er að leggja Brigance þroskaskimun fyrir alla fyrirbura sem fæddir eru fyrir 35 vikna meðgöngu við 2½ og 4 ára aldur.
17. Foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið farsældar barna eftir því sem þörf krefur. Málstjóri farsældar er skipaður af sveitafélögnum.